

ÓÐINN BOLLI BJÖRGVINSSON
Lágmyndin af Jóni
höfð á öndvegisstað

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
Fallegur
útsýnisstaður

Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÓLÖGLEGT NIÐURHAL
Tómlegt í
plötubúðum

Vinsælar plötur ekki fáanlegar
FÓLK 16



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. febrúar 2009 – 29. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

**Taktu upp
þráðinn**

Tannverndarvikan
2009 er hafin.

TÍMAMÓT 12

**Tónlistarmenn
bera vitni**

Málsókn Jóhanns
Helgasonar gegn
lagahöfundinum Rolf
Løvland vindur
upp á sig.

FÓLK 22

Loksins-stjórnin

„Loksins er hér forsætisráðherra
með rætur í verkalyðshreyfing-
unni sem lítur á sig sem fulltrúa
íslenskrar alþýðu“, skrifar Guð-
mundur Andri Thorsson.


Í DAG 10

Á beinu brautina

Fernando Torres sá
um að afgreiða
Chelsea í
stórleik
gærdagsins á
Anfield.

ÍÞRÓTTIR 18

VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM FROST Í dag verður hægt
austlægt eða breytilegt átt. Víðast
bjart veður en þó hætt við stöku
éljum við suðausturströndina og
á annesjum vestan til. Frost 0-10
stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4

Áttu von
á gestum?

Svefnsofar

Betra BAK



VAKTASKIPTI Í FORSÆTISRÁÐUNEYTINGU Jóhanna Sigurðardóttir, nýr forsætisráðherra Íslendinga, tók við lykklunum úr hendi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, fráfarandi menntamálaráðherra, í gær. Þorgerður leysti Geir Haarde, fráfarandi forsætisráðherra, af við þetta tilefni, en hann flaug til Hollands í gær í aðgerð vegna illkynja æxlis í vélinda.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fólk í kröggum fær sparnað greiddan út

Ný ríkisstjórn vill opna séreignarsparnað tímabundið fyrir þá sem eru í fjárhagskröggum. Frumvarp um þetta hefði verið kynnt í síðustu viku ef ekki hefði komið til stjórnarslita, segir Árni M. Mathiesen fyrrverandi fjármálaráðherra.

STJÓRN MÁL Nýmynduð ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hyggst setja lög um séreignarsparnað svo sjóðsfélagar sem komnir eru í fjárhagskröggum geti fengið fyrirgreiðslu úr honum tímabundið til þess að borga skuldir sínar.

Í verkefnaskrá hennar sem kynnt var í gær segir: „Sett verða lög um séreignarsparnað sem veita sjóðsfélögum tímabundna heimild til fyrirframgreiðslu úr séreignarsjóðum til að mæta brýnum fjárhagsvanda.“

„Það hringdi í mig kona norðan úr landi, atvinnulaus með þrjú börn, sem á talsverða peninga inni á svona reikningi en á í miklum erfiðleikum með að ná endum saman í dag. Orð hennar duga mér eiginlega sem rök, því hún sagðist heldur vilja að börnin sín fái að borða í vetur en að hún eigi einhvern sparnað þegar hún kemst á elliárin. Það er kannski einfalda röksemdafærslan í þessu,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, nýr fjármála-, sjávarútvegs- og



Á GÖMLUM VOLVO Steingrímur mætti á Bessastaði á forlata samskrá bifreið.

landbúnaðarráðherra. Hann segir ekki tímabært að lýsa mögulegum framkvæmdaleiðum nákvæmlega. „Hugsanlegar leiðir verða að sjálf-sögðu ræddar við sjóðina áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Ætlunin er ekki að galopna þessa sjóði heldur að skoða hvernig þetta geti orðið fólk í knýjandi þörf til bjargar. Bæði er hægt að hugsa

sér að þetta verði almennar reglur með tilteknum takmörkunum og líka að staða fólks verði skilgreind í þessu tilliti,“ segir Steingrímur.

„Ég var með frumvarp í smíðum sem kvað á um það sama og hefði verið kynnt fyrir ríkisstjórninni á þriðjudag í síðustu viku hefði hún fundað þá,“ segir Árni Mathiesen, fráfarandi fjármálaráðherra. Hann segir þó ákveðna hættu geta falist í þessari leið. „Sérstaklega fyrir minni sjóðina sem ekki hafa mikið lausafé,“ útskýrir hann. „Þeir gætu þá hugsanlega þurft að selja það sem er auðseljanlegast úr skuldabréfasafninu til að greiða út og þá sætu eftir bréf sem eru ekki jafn mikils virði. Þá gætu þeir sem ættu eftir í sjóðnum setið uppi með slakari eign.“

Hann segist ekki sjá á verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar af hverju Samfylkingin hefði þurft að slíta samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn því á skránni séu meira og minna sömu mál og sami andi og unnið var eftir í síðustu ríkisstjórn.

-jse,kg / sjá síður 4 og 6.

Leita að fjórum tonnum af gulli

BRETLAND Djúpsjávarkafarar, sem komust í feitt fyrir tveimur árum þegar þeir náðu í gullmynt úr spænskrí galeiðu, segjast hafa gert aðra merka uppgötvun er þeir fundu sögufrægt breskt herskip í Ermarsundi.

Könnunarleiðangurinn, Odyssey Marine Exploration, leitar enn að um 4 tonnum gullmyntar sem talið er að hafi verið um borð í HMS Victory sem sökk í Ermarsundi árið 1744. Breska herskipflakið fannst í maí en það sökk fyrir 264 árum síðan. Tekist hefur að bjarga tveimur látúnsfallbyssum úr flakinu. Skipið var stærsta og best vopnaða skip síns tíma. -hs

Prófessor í stjórnmálafræði: Ólýðræðisleg skipun ráðherra

STJÓRN MÁL „Þarna er verið að styrkja sérfræðipökku innan ríkisstjórnarinnar, en þessar skipanir eru ekki mjög lýðræðislegar. Þessir nýju ráðherrar eru ekki kosnir til þings og hafa því ekki lýðræðislegt umboð þjóðarinnar.

Maður veltir því fyrir sér hvort stjórnarflokkarnir búi ekki yfir nógu öflugum fólk á þessum sviðum til að taka þessi ráðherraembætti að sér,“ segir Baldur Þórhallsson stjórnsmálafræðiprófessor um skipun utanþingsráðherra í nýrri ríkisstjórn sem kynnt var í gær.

Baldur segir nýju stjórnina veika. „Stjórnin hefur ekki stuðning nema 27 þingmanna. Stjórnarandstaðan hefur á að skipa 29 þingmönnum og því þarf stjórnin á stuðning Framsóknar að halda í hverju einasta frumvarpi sem hún leggur fram. Stjórnin hefur líka afar skamman tíma til stefnu því þingið mun að öllum líkindum fara í frí nokkrum vikum fyrir kosningar hinn 25. apríl.“

-kg

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur
SUBWAY 6 tomnu bátur
349 kr.

Gildir í febrúar 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnsmáli

Þú leggur línurnar
Létt & laggott!

L&L
- Línurnar í lag!



Dráinn, þýðir þetta nýtt líf fyrir Framsóknarflokkinn?

„Já, það er kominn tími til að rifja upp nýtt og betra líf.“

Práinn Bertelsson rithöfundur stefnir á efsta sæti á lista Framsóknar í öðru hvaru Reykjavíkurborgarinnar í komandi alþingiskosningum, en hann sagði sig úr flokknum vegna stuðnings við fraksstríðið árið 2003. Práinn leikstýrði hinni ógleymanlegu kvikmynd „Nýtt líf“ árið 1983.

Ráðuneyti um áform í Brúará: Virkjun fari í umhverfismat

ORKUMÁL Umhverfisráðuneytið hefur staðfest úrskurð Skipulagsstofnunar um að fyrirhuguð sex megavatta virkjun í Brúará í Bláskógabyggð skuli sæta umhverfismati. Ráðuneytið segir framkvæmdina geta haft verulega neikvæð og varanleg umhverfisáhrif á sérstöðu svæðisins, meðal annars á náttúrufyrirbæri sem njóti verndar náttúruverndarlaga. Árfarvegur gæti þornað upp á um 700 metra kafla í Brúará. „Sjónræn áhrif vegna stíflu, vegagerðar og frárennslisgerðar geta orðið varanleg á svæði sem telja verður að miklu leyti óraskað,“ segir í úrskurði umhverfisráðuneytisins.

- gar



ELDUR Í KENÍA Um 200 slasaðir leituðu sér aðstoðar á sjúkrahúsi.

MYND/AP

Ólíuflutningabíll alelda: Yfir 100 látnir eftir eldsvoða

KENÍA Eitt skæðasta slysi í Afríku síðastliðin ár varð í Molo í Kenía þegar eldur braust út í ólíuflutningabíll aðfaranótt sunnudags.

Bíllinn varð skyndilega alelda þegar fólk reyndi að ná sér í olíu úr bílnum sem valt. Yfir 100 manns létust og um 200 slösuðust í eldhafinu sem orsakaðist líklega af sigarettuglód.

Stjórnvöld í Kenía hafa nýlega verið gagnrýnd fyrir lélegar öryggisreglur en um 30 manns létu lífið síðastliðinn miðvikudag þegar eldsvoði braust út í stórmarkaði í miðbæ Nairóbí.

- hs

Forsætisráðherra Ísraels heitir hörðum viðbrögðum við loftskyeitaárásum: Ísraelsstjórn heitir hefndum

ÍSRAEL Forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, hét því í gær að brugðist yrði harðlega við fleiri loftskyeitaárásum á Ísrael frá Gasasvæðinu.

Ísraelar og Hamas-samtökin lýstu yfir hvorir sínu vopnahléinu fyrir hálfum mánuði sem bundu enda á þriggja vikna árási Ísraels á Gasasvæðið. Loftskyeitum var hins vegar skotið á Ísrael bæði í gær og í fyrradag og lenti eitt þeirra á milli tveggja leikskóla í Eshkol-héraði í Suður-Ísrael í gær. Annað sprakk nálægt borginni Ashkelon en engan sakaði.

„Við höfum sagt að ef loft-



LOFTSKYEITAÁRÁSIR HAFNAR AÐ NÝJU Loftskyeitum hefur verið skotið á Ísrael frá Gaza svæðinu síðustu daga og heita Ísraelar hörðum viðbrögðum. Hér sjást Palestínunum gera við smyglingu sem eyðilögðust í árás Ísraels.

MYND/AFP

skeytaárásum linnir ekki á suðurhluta landsins þá munu viðbrögð

-hs

Stálu hraðbanka í Hveragerði: Burt í heilu lagi

LÖGREGLUMÁL Hraðbanka var stolið úr verslunarmiðstöðinni Sunnumörk í Hveragerði aðfaranótt sunnudags.

Hraðbankinn var í anddyri verslunarmiðstövarinnar og var hann numinn á brott í heilu lagi. Að sögn lögreglunnar á Selfossi er unnið að rannsókn málsins og er verið að fara yfir upptökur úr öryggismyndavélum. Líklegt er að nokkrir hafi verið að verki þar sem hraðbankar af þessu tagi eru rúmlega 500 kíló að þyngd. Man lögreglan aðeins eftir einu öðru tilfelli þar sem hraðbanka var stolið í heilu lagi á Íslandi. Enn hefur ekki verið gefið upp hve miklir peningar voru í bankanum.

- hs

Var komin með kvíðahnút og ótta

Hundruð manna urðu atvinnulaus nú um mánaðamótin. Þrettán þúsund eru án atvinnu. Sigurbjörg Pétursdóttir innanhússarkitekt var komin með kvíðahnút og ótta í atvinnuleysinu. Hún segir mestu skipta að halda rútinu og virkni.


VINNUMARKAÐUR Hundruð manna urðu atvinnulaus nú um helgina þegar uppsagnarfrestur tók gildi hjá stórum hópi fólks. Um þrettán þúsund manns eru nú á atvinnuleysisskrá og fer þeim hraðfjölgaandi. Sigurbjörg Pétursdóttir innanhússarkitekt er ein af þeim sem hafa verið atvinnulausir lengi.

Sigurbjörg hafði verið í viku í vinnu hjá Bauhaus síðasta haust þegar bankarnir hrundu. Tugum manna var þá sagt upp, þar á meðal henni. Sigurbjörg var aðeins með viku uppsagnarfrest og hefur verið atvinnulaus síðan. „Ég fékk sjokk,“ segir hún.

Uppsögnin kom þétt í kjölfarið á bankahruninu. Áfallið var gríðarlegt og Sigurbjörg segist hafa orðið þunglynd. „Fótunum var kipt undan mér. Ég var fertug þegar ég seldi allar eigur mínar og fór utan í nám. Ég hef alla tíð unnið fyrir mér og unnið mikið. Ég hef nú unnið sem innanhússarkitekt í tólf ár og allt í einu var grundvöllur tilverunnar brostinn. Mér fannst ég ein í heiminum.“

Sigurbjörg hefur sótt um fjölmörg störf og boðist eitt verslunarstarf í Krínglunni en þar voru mánaðarlaunin ekki hærrí en atvinnuleysisbæturnar þannig að hún sá sér ekki fært að taka því. Sigurbjörg telur virðingarleysi að fá ekki svar við atvinnuumsóknunum, ekki einu sinni afsvar, eins og er alltof algengt og segir það niðurbjótandi. „Þetta fer rosalega illa með fólk.“

Sigurbjörg segist hafa verið „komin með kvíðahnút og ótta. Fyrst eftir að ég varð atvinnulaus



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SIGURBJÖRG RÁÐLEGGUR

- Halda rútinu
- Hreyfa sig reglulega
- Fara út á hverjum degi
- Reyna að hitta fólk á hverjum degi
- Leita aðstoðar, til dæmis hjá stéttarfélagi
- Nýta alla þjónustu í boði
- Hugsa bara um einn dag í einu
- Halda áfram að leita að vinnu

FANNST ÉG VERA EIN Í HEIMINUM

„Allt í einu var grundvöllur tilverunnar brostinn,“ segir Sigurbjörg Pétursdóttir innanhússarkitekt sem hefur verið atvinnulaus frá því í haust. Hún er í hópi þrettán þúsund manna sem eru atvinnulausir á Íslandi í dag.

Allt í einu var grundvöllur tilverunnar brostinn.

SIGURBJÖRG PÉTURSDÓTTIR INNAHÚSSARKITEKT

var ég bara að átta mig á þessu, fór að kíkja í kringum mig eftir starfi og velta fyrir mér hvað ég gæti gert. Svo fór atvinnuástandið hrífversnandi og alltaf var verið að segja upp fólki í mínum geira og að lokum datt ég alveg niður og komst ekki fram úr rúmi,“ segir hún.

„Ég fór til lækis og leitaði síðan

til VR sem er frábært félag. Ég hef fengið hálfildings áfallahjálp hjá þeim, farið í viðtöl hálfmánaðarlega og það hefur gefið mér mikinn stuðning. Svo hef ég nýtt mér þjónustu VR, til dæmis Hlutverkasetrið,“ segir hún og telur miklu skipta að hafa rútinu og halda sér félagslega virkum.

Sigurbjörg er 53 ára og eina fyrirvinnan á heimilinu. Ein dóttir býr heima. Sigurbjörg segist reyna að þræuka. Hún hafi húsnæðislán hjá Íbúðalánasjóði og myntkórfulán á bílnum og fengið frystingu í eitt ár. Hún veit ekkert hvað tekur við eftir það.

ghs@frettabladid.is

Hafnarfjarðarbær krefst 7,6 milljarða frá OR fyrir hlutinn í Hitaveitu Suðurnesja:

Stjórnendur kallaðir til vitnis

DÓMSMÁL Lögmenn Hafnarfjarðarbæjar ætla að kalla hluta stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Bjarna Ármannsson, fyrrverandi stjórnarformann Reykjavík Energy Invest (REI), sem vitni í dómsmáli vegna sölu á hlut í Hitaveitu Suðurnesja (HS).

Til stendur að kalla fyrir dóm nýu vitni sem bera eiga um samningsserð milli Hafnarfjarðar og OR vegna sölu á hlut bæjarins í HS, segir Stefán Geir Þórisson, lögmaður Hafnarfjarðarbæjar.

Til stóð að kalla til átján vitni en vegna mótmæla lögmans OR hefur þeim verið fækkað. Vitnin eiga meðal annars að bera um það hvað bjó að baki þegar samið var um kaupin, sem getur skipt máli fyrir túlkun á samningnum segir Stefán.

Hafnarfjarðarbær krefst þess að OR standi við samning um kaup

BJARNI ÁRMANNSSON Á VITNALISTANUM

Vitnalisti Hafnarfjarðarbæjar:

- Bjarni Ármannsson, fyrrverandi stjórnarformaður REI.
- Guðmundur Þóroddsson, fyrrverandi forstjóri OR og REI.
- Haukur Leósson, fyrrverandi stjórnarformaður OR.
- Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR.
- Bryndís Hlöðversdóttir, fyrrverandi stjórnarformaður OR.
- Gunnar Svavarsson, fyrrverandi formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar.
- Haraldur Þór Ólason, bæjarfulltrúi

Sjálfstæðisflokkur í Hafnarfirði.

- Guðmundur Benediktsson, bæjarlögmaður Hafnarfjarðar.
- Árni Árnason lögmaður.

Aðrir sem hætt hefur verið við að kalla í vitnastúkuna:

- Björn Ingi Hrafnsson, fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins.
- Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri.
- Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis Green Energy.

á 15,4 prósentu hlut bæjarins í HS á samtals 7,6 milljarða króna. Nær öruggt má telja að verðmætið er mun minna í dag.

OR vill að samningurinn við Hafnarfjarðarbæ gangi til baka, þar sem samkeppnisfyrirvöld hafi

- bj



100.000 vörunúmer. 1 símanúmer.

Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.

Gerðu vel við bílinn þinn!



VARAHLUTIR 3 ÁRA ÁBYRGÐ

N1 440 1000 **N1.IS**



FORYSTA FRAMSÓKNAR Fylgi við Framsóknarflokkinn jókst um sjö prósentustig á milli desember og janúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vinsældir Framsóknar aukast:

Með fimmtán prósentu fylgi

STJÓRNMÁL Framsóknarflokkurinn er nú með fimmtán prósentu fylgi, samkvæmt þjóðarþúls Gallup. Þetta er sjö prósentustiga aukning frá því í desember. Á sama tíma hefur fylgi Samfylkingarinnar minnkað um sex prósentustig og mælist 22 prósent.

Vinstri græn hafa mest fylgi kjósenda, eða þrjátíu prósent. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 24 prósentu fylgi. Frjálslyndi flokkurinn og Íslandshreyfingin mælast hvor um sig með þriggja prósentu fylgi. Fjögur prósent aðspurðra segjast ætla að kjósa önnur framboð.

- hhs

Þorgerður afhenti lyklna:

Geir flaug til Hollands í gær

STJÓRNMÁL Fyrrum forsætisráðherra, Geir H. Haarde, flaug til Hollands í gær til að leita sér lækni meðferðar við illkynja æxli sem hann greindist með í vélinda í síðasta mánuði.

Núverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, sagði að sér þætti vænt um Geir og kváð hann gæddan mörgum manntösum þegar hún tók við lykllum að forsætisráðuneytinu úr höndum Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur í gær. Hún þakkaði Þorgerði sömuleiðis fyrir samstarfið.

- hs



Nova, farsímafyrirtæki hinna þúsund andlita.

Þú hringir og sendir SMS á 0 kr. í alla sem þú þekkir hjá Nova og líka þá sem þú þekkir ekki. Ert þú eitt af 30.000 andlitum Nova?

Nova býður lægra verð á farsímum og farsímaþjónustu og þú getur flutt símanúmerið þitt með þér til Nova. **Vertu í okkar hópi og talaðu meira við vini þína!**

0 kr. Nova í Nova: 1.000 mínútur í símtöl og myndsímtöl og 500 SMS og MMS á mánuði.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA

Ný ríkisstjórn tekur við völdum



FRÁ BLAÐAMANNAFUNDINUM Á HÓTEL BORG Afmælisbarn gærdagsins og nýskipaður menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, situr hér lengst til hægri. Við hlið hennar er Steingrímur J. Sigfússon, fjármála- og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Stjórnin boðar björgun og hreingerningar

Ný ríkisstjórn vill opna aðgang fólks að séreignasparnaði. Setja á lög um greiðsluádlögun og frestun nauðungaruppboða. Ný vinnubrögð og skipan í stjórnsýslukerfinu boðuð. Nýjar stjórnir í Seðlabanka og Fjármálaeftirliti.

STJÓRN MÁL Verkefnaskrá og ráðherralisti nýrrar ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna var kynntur á blaðamannafundi á Hótel Borg rúmlega fjögur í gær. Meðal aðgerða sem ný ríkisstjórn boðar er að setja lög um greiðsluádlögun, greiðsluþjófnum gengistryggðra lána og frestun nauðungaruppboða vegna íbúðarhúsnæðis í allt að sex mánuði. Einnig að breyta gjaldþrotalögum til að bæta stöðu skuldara. Íbúðalánasjóður mun, samkvæmt verkefnaskránni, taka við lánum gömlu viðskiptabankanna eða þá tryggja með öðrum hætti að úrræði hans verði notuð til að koma til móts við fólk í greiðsluvanda.

Einnig verður sjóðsfélögum sem eiga í brýnum fjárhagsvanda gert kleift með nýrri lagasetningu að fá fyrirframgreiðslu úr séreignasjóði sínum um ákveðinn tíma.

Von er á enn frekari aðgerðum því gerð verður langtímaáætlun um hvernig skuldavanda heimil-

anna verði mætt og á slík áætlun að líta dagsins ljós í næsta mánuði.

Til að örva atvinnulíf hyggst ný stjórn endurskoða framkvæmda-áform opinberra aðila og knýja á um að verkefni verði þjóðhagslega arðbær og krefjist mikils vinnuafns. Þó verða engin ný áform um álver lögð fram. Eins eru engar breytingar fyrirhugaðar á samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Ný stjórn hyggst einnig boða endurbætur á stjórnsýslunni með það fyrir augum að auka lýðræði og skerpa á heiðarleika í samfélaginu. Eftirlaunalögin verða afnumin og þingmenn og ráðherrar mun lúta almennum reglum um lífeyriskjör opinberra starfsmanna. Skipt verður um yfirstjórn Seðlabankans en ekki er enn búið að útfæra hvernig það verður gert. Eins verður skipuð ný yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins og erlendir sérfræðingar fengnir til liðsinnis þar.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum verður stjórnlagabing sett á laggirnar til að gera breytingar á stjórnarskrá en ekki kom fram hvernær það verður. Ráðgert er að breyta kosningalögum og þannig að ekki verði loku fyrir það skotið að hægt verði að kjósa persónur í stað flokka. Kosningar eru fyrirhugaðar 25. apríl næstkomandi og því hefur stjórnin 80 daga til verkanna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, tekur ekki sæti í nýrri ríkisstjórn en hún tók það skýrt fram á blaðamannafundinum að það þýddi hreint ekki að hennar afskiptum af stjórnmálum væri lokið. „Ég ætla að einbeita mér að sjálfri mér og svo að flokknum þegar ég er búin að safna kröftum,“ sagði hún.

Ekki er nóg með að Jóhanna Sigurðardóttir sé fyrsta konan til þess að verða forsætisráðherra heldur er þetta fyrsta ríkisstjórnin með jafnt kynjahlutfall ráðherra.

jse@frettabladid.is

Kristján Þór Júlíusson um nýja ríkisstjórn:

Verkefnaskrá ábótavant

STJÓRN MÁL „Ég óska þessu fólki velfarnaðar í sínum störfum og vonandi geta þær aðgerðir sem það grípur til orðið þjóðinni til góðs. En áður en hægt er að leggja mat á þessar aðgerðir verður maður fyrst að fá betri upplýsingar um útfærslur á hugmyndum þeirra. En þær hljóta að koma fram fljótlega, ég trúi ekki öðru,“ segir Kristján Þór Júlíusson, þingmað-



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

ur Sjálfstæðisflokks, um nýja ríkisstjórn sem kynnt var gær.

Kristján segir verkefnaskrá stjórnarinnar vera ábótavant. „Sjálfsagt má ýmsu breyta í lýðræðismálum en afkoma heimila og fyrirtækja er brýnasta málið. Þær hugmyndir sem nefndar eru hafa legið fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Eg bíð spennur að sjá hvað gerist.“

- lg

PUNKTAR ÚR VERKEFNASKRÁ

I. Aukið lýðræði, jöfnuður og upplýsingar

- Virkt upplýsingagjöf til þjóðarinnar.
- Nýjar siðareglur fyrir ráðherra og æstu embættismenn.
- Eftirlaunalögin verða afnumin.
- Nýjar reglur um skipan dómara.
- Lög um ráðherraábyrgð endurskoðuð.
- Breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins:
 - Kveðið verður á um auðlindir í þjóðareign.
 - Sett verður ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur.
 - Aðferð við breytingar á stjórnarskrá með sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu.
- Lög um skipan og verkefni stjórnlagabings.
- Opnað fyrir möguleika á persónukjöri í kosningum til Alþingis.

II. Endurreisn efnahagslífsins

- Leitað leiða til að lækka vexti eins fljótt og kostur er.
- Tímasett áætlun gerð um rýmkun hafta.
- Staðinn vörður um velferðarkerfið og grunnþjónustu samfélagsins.

III. Endurskiptulagning í stjórnsýslu

- Skipt um yfirstjórn Seðlabankans.
- Skipaður einn seðlabankastjóri ráðinn á faglegum forsendum.
- Hafin verður endurskoðun á peningamálafestnu Seðlabankans.
- Ný yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins.
- Breytingar á yfirstjórn einstakra ráðuneyta.
- Erlendir sérfræðingar fengnir til liðsinnis Fjármálaeftirlitinu.
- Kannað hvort unnt sé að kyrrsetja eignir.

IV. Aðgerðir í þágu heimila

- Aðgerðir til að bregðast við fjárhagslegum vanda heimila.
- Sett verður á fót velferðarvakt.
- Lög um greiðsluádlögun og greiðsluþjófnum gengistryggðra lána.
- Lög um frestun nauðungaruppboða vegna íbúðarhúsnæðis.
- Gjaldþrotalögum breytt þannig að staða skuldara verði bætt.
- Húsnæðisátlán færð til íbúðalánasjóðs.
- Tryggt að greiðsluvandurræði íbúðalánasjóðs verði að fullu virk.

- Áætlun um hvernig skuldavanda heimilanna verði frekar mætt.
- Lög um séreignasparnað sem veita sjóðfélögum tímabundna heimild til fyrirframgreiðslu.

V. Aðgerðir í þágu atvinnulífs

- Kynnt áætlun um opinberar framkvæmdir og útboð á árinu.
- Engin ný áform um álver verða á dagskrá ríkisstjórnarinnar.
- Átaksverkefni með öflugum vinnu- markaðsaðgerðum til að vinna gegn atvinnuleysi.
- Leitað leiða til þess að örva fjárfestingu innlendra og erlendra aðila og sköpun nýrra starfa á almennum vinnu- markaði.
- Aðlagga þarf lánareglur LÍN breyttu efnahagsumhverfi.
- Útlánageta Byggingastofnunar eflað.
- Meta áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna.
- Við endurreisn efnahagslífs og uppbyggingu faglegra stjórnunarháttanna verði jafnrétti kynjanna haft að leiðarljósi.

VI. Aðgerðir til að byggja upp fjármála-kerfið og greiða úr vanda fyrirtækja.

- Greitt verður úr vanda lífvænlegra fyrirtækja á grundvelli gegnsærra og alþjóðlega viðurkenndra reglna.
- Hugað sérstaklega að því að viðhalda virki samkeppni.
- Verðmati á eignum nýju ríkisbankanna verður lokið hið allra fyrsta.
- Ljúka á endurfjármögnun ríkisbankanna.
- Ríkisbönkum sett útlánamarkmið fyrir árið til að örva hagkerfið.

VII. Alþjóðasamningar og Evrópusamstarf

- Tekið saman yfirlit um lántökur og heildarskuldþingningu þjóðarbúsins og kynnt almenningi.
- Alþjóðlegir sérfræðingar ráðnir til að veita aðstoð við samninga á alþjóðavettvangi vegna skulda þjóðarbúsins.
- Úttekt á viðhorfum hagsmunaaðila til Evrópusambandsins.
- Mat lagt á framtíðarhorfur í gjaldmiðlamálum.
- Aðild að Evrópusambandinu verði aldrei ákveðin nema í þjóðaratkvæðagreiðslu.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS → flugfelag.is

Fundarfriður

Markvissir fundir í friði og ró

Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

KALT EN BJART, EINKUM SYÐRA
Í dag verður í raun finasta veður á landinu þótt kalt sé á landinu. Ekki að sjá neinar breytingar á því nú alveg í bráð. Á hinn bóginn verður heldur þungbúnara norðan til og austan á morgun og hinn frá því sem er í dag. Það verður yfirleitt úrkomulítið en um miðja vikuna er heldur eindregnari eljagangur á landinu norðanverðu.

Á MORGUN
Hæg austlæg eða breytileg átt

MÍÐVIKUDAGUR
8-15 m/s við austurströndina annars mun hægari

HEIMURINN	°C
Alicante	17°
Amsterdam	3°
Basel	6°
Berlín	1°
Billund	1°
Eindhoven	4°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	6°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	20°
London	4°
New York	6°
Orlando	18°
Osló	-2°
París	5°
Róm	14°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastigi eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Höfuðstöðvar TM Síðumúla 24

TM hefur nú flutt höfuðstöðvar sínar úr Aðalstræti 6-8 í Síðumúla 24. Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin til okkar í Síðumúlann þar sem aðgengi viðskiptavina að þjónustu félagsins á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið stakkaskiptum.

Starfsfólk TM

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



Ný ríkisstjórn tekur við völdum



Vilhjálmur Egilsson:

Ánægður með lækkun vaxta

„Það sem ég sakna helst í verkefnaskránni er ákvörðun um að hverfa frá ríkisbankafyrirkomulaginu.“ segir Vilhjálmur Egilsson, formaður Samtaka atvinnulífsins.

„Það þarf að virkja erlenda kröfuhafa til að koma að eignarhaldi bankanna. Ég hefði viljað sjá nýja ríkisstjórn gefa merki um að það verði gert og að ekki verði byggt hér upp nýtt ríkisbankakerfi.“ Hann er ánægður með áform um lækkun vaxta. „En ég hefði viljað sjá yfirlýsingu um að gjaldþrenging myndi verða afnumin að fullu.“ - hhs

VILHJÁLMMUR EGILSSON

Nýr viðskiptaráðherra: Brýnt að hraða uppgjöri banka

Nýr viðskiptaráðherra í stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, Gylfi Magnússon, segir sin fyrstu verk í starfi óhjákvæmilega verða tengd fjármálamarkaðin- um enda vandamálin á þeim vettvangi fjölmörg. „Fyrst og fremst þarf að manna Fjármálaeftirlitið,“ segir Gylfi. „Þá þarf að hraða vinnu við að gera upp gömlu banka og skilja milli þeirra og þeirra nýju, svo nýju bankarnir verði starfhæfir.“ Að auki þurfi að leysa úr vandamálum ýmissa smærri fjármálastofnana, sem séu í nokkru uppnámi. - hhs



GYLFI ARNBJÖRNSSON Nú riður á að ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðar snúi bókum saman að mati forseta ASÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Forseti Alþýðusambandsins: Ánægður með nýjar áherslur

„Ég fagna því sérstaklega að það standi til að gera veigamiklar breytingar á gjaldþrotalöggjöfni og varðandi greiðsluáðöng heimila,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „Áhersluatriði nýrrar stjórnar fara vel saman við það sem við hjá Alþýðusambandinu höfum lagt áherslu á á undanförunum vikum. En ríkisstjórnin hefur skamman tíma til stefnu. Því riður á að fulltrúar ríkisstjórnar og aðilar vinnumarkaðar snúi bókum saman og finni leiðir út úr því skelfilega ástandi sem ríkir í atvinnumálum landsmanna.“ - hhs

Ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar

<p>Forsætisráðherra</p>  <p>Jóhanna Sigurðardóttir</p>	<p>Utanríkis- og iðnaðarráðherra</p>  <p>Össur Skarphéðinsson</p>	<p>Samgöngu- ráðherra</p>  <p>Kristján Möller</p>	<p>Félags- og tryggingamála- ráðherra</p>  <p>Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir</p>	<p>Dóms- og kirkju- málaráðherra</p>  <p>Ragna Árnadóttir</p>
<p>Fjármála-, sjávar- útvegs- og land- búnaðarráðherra</p>  <p>Steingrímur J. Sigfússon</p>	<p>Menntamála- ráðherra</p>  <p>Katrín Jakobsdóttir</p>	<p>Umhverfis- ráðherra</p>  <p>Kolbrún Halldórsdóttir</p>	<p>Heilbrigðis- ráðherra</p>  <p>Ögmundur Jónasson</p>	<p>Viðskiptaráðherra</p>  <p>Gylfi Magnússon</p>

Segir forgangsverk að víkja bankastjórn

Nýr forsætisráðherra mun fara strax í að kanna hvernig hægt verði að koma bankastjórn Seðlabankans frá. Nýr sjávarútvegsráðherra vill láta rannsaka hvort ákvörðun forvera hans um að leyfa hvalveiðar standist stjórnsýslulög.

STJÓRN MÁL „Eitt af því fyrsta sem ég mun gera er að fara yfir það hvernig við getum endurskipulagt bankastjórn Seðlabankans,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir þegar hún kom út á Bessastöðum í lýti til að fara í forsætisráðuneytið til að taka þar við lykklavöldum. „Það þarf að víkja núverandi bankastjórn og endurskipuleggja stjórn bankans og ég mun athuga hvernig það er hægt.“

Hún var spurð hvort það væri eitthvert annað atriði í verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar sem ekki hefði verið hægt að ná fram í samstarfi við gamla samstarfsflokkinn, Sjálfstæðisflokkinn. „Já, það eru ýmis önnur mál sem snerta hag heimilanna. Okkur hefur gengið mjög treglega að ná fram ýmsum málum sem lúta að því. Við þurfum að halda þétt utan um heimilin í landinu í þessu ástandi og það voru ýmis mál þar sem erfið var að ná fram með Sjálfstæðisflokknum. Þetta tók allt of langan tíma og var svífaseint. Nú þarf hver og einn ráðherra að vinna mjög hratt og það verður byrjað strax á fullum krafti. Svo þarf að ráða úr því strax hvernig hægt er að hjálpa atvinnulífni og hafið endurreisn þess. Það er grundvöllurinn fyrir öllu að við getum dregið úr atvinnuleysinu. Þannig að það er þetta þrennt sem brýnast er að einhenda sér í núna; breytingarnar á Seðlabankanum og síðan hjálp við heimilin og svo atvinnulífið.“



NÝ RÍKISSTJÓRN OG FORSETINN Á BESSASTÖÐUM Jóhanna Sigurðardóttir segir það forgangsverk að koma bankastjórn Seðlabankans frá. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Spurð um hvaða tilteknu aðgerðir þetta hefðu verið sem ekki tókst að vinna með Sjálfstæðisflokknum sagði hún: „Það var ýmislegt sem var erfið að ná fram með þeim og tók svo langan tíma. Það var aðallega það. Það voru ákveðnar aðgerðir sem átti að grípa til fyrir heimilin í landinu og atvinnulífið en það var eins og það kæmi lítið til framkvæmda í þeim efnunum á síðustu vikunum. Það sem ég vil sjá í mínu ráðuneyti er að við séum aðgerðarstjórn.“

Aðspurð hvort hennar tími væri

nú kominn sagði Jóhanna: „Ég ætla nú að láta þjóðina dæma um það.“

Steingrímur J. Sigfússon, nýskiptaður fjármála-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði að hann myndi láta lögfræðinga skoða það hvort „stjórnsýslulegir meiningir“ væru á ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, um að leyfa veiðar á hrefnum og langreyði næstu fimm árin. „Því þarna var starfandi ráðherra að taka ákvörðun sem bindur hendur arftakanna fimm ár fram í tímann.“

js@frettabladid.is

Skipan utanþingsráðherra: ÁTTA FRÁ STOFN- UN LÝÐVELDISINS

Þau Ragna Árnadóttir og Gylfi Magnússon eru sjöundi og áttundi utanþingsráðherrann í ríkisstjórn síðan lýðveldi Íslands var stofnað árið 1944. Hinir sex voru:

- Eysteinn Jónsson, menntamálaráðherra frá 4. febrúar 1947 til 23. júní 1947.
- Kristinn Guðmundsson, utanríkisráðherra frá 11. september 1953 til 24. júlí 1956.
- Bragi Sigurjónsson, iðnaðarráðherra frá 15. október 1979 til 8. febrúar 1980.
- Geir Hallgrímsson, utanríkisráðherra frá 26. maí 1983 til 24. janúar 1986.
- Ólafur Ragnar Grímsson, fjármálaráðherra frá 28. september 1988 til 20. apríl 1991.
- Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 15. júní 2006 til 24. maí 2007. - kg

Nýr dómsmálaráðherra:

Fyrsta verkið að breyta lögum

„Fyrstu mál mín verða að undirbúa lagabreytingar sem snúa að greiðsluáðöngum og lögum um gjaldþrotaskipti,“ segir Ragna Árnadóttir, nýr dóms- og kirkjumálaráðherra og annar tveggja utanþingsráðherra í nýrri ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. „Ég er ópólitísk og óflokksbundin og er fengin til þessa verks á grundvelli minnar þekkingar. Það verður mitt hlutverk að koma að þeim málum sem heyra undir mitt málefna- svið með mína fagþekkingu og setja þau í þann búning til að þau njóti tilskilins stuðnings á Alþingi.“ - hhs

Guðjón Arnar Kristjánsson:

Tek undir mörg markmiðin

„Í verkefnaskránni kemur fram að haft hafi verið samráð við formann Frjálslynda flokksins, en ég vil frekar segja að mér hafi verið gefnar upplýsingar. Ég sé ekki að margt af því sem ég lagði til við þá sé þarna inni, til dæmis í sambandi við sjávarútvegsáttir,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslyndra, um verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar.

Guðjón segist hafa viljað sjá einhver skref í þá átt að leyfa fleirum að taka þátt í útgerð á jafnréttisgrundvelli en verið hefur. „En ég óska stjórninni velfarnaðar og tek undir mörg af markmiðum hennar, þótt ég sakni nákvæmari útfærslu á leiðunum,“ segir Guðjón Arnar. - kg



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

LYFJA
- Lífið heil



20% verðlækkun⁺

NERVIDIX

Segðu BLESS við taugaóróa og stress. Upplifðu innri frið og skýrari fókus - 100% náttúruleg formúla.

~~1.807 kr.~~ **1.494 kr.**



20% verðlækkun⁺

DEPRIDIX

Segðu BLESS við depurð og tömleikatilfinningu. Finndu lífsorkuna á ný - 100% náttúruleg formúla.

~~1.807 kr.~~ **1.494 kr.**



20% verðlækkun⁺

ENERGIX

Segðu BLESS við orkuleysi. Örvaðu orkufæð og einbeitinguna - 100% náttúruleg formúla.

~~1.807 kr.~~ **1.494 kr.**

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir til 15. 2. 09



VORÖNN 2009

Tölvu og bókhaldnám

Stutt og hnitmiðuð 210 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína með aukinni menntun og tölvufærni. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum og einyrkjum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

»Tölvugreinar:

Windows, Word, Excel, PowerPoint, Internet og Outlook (tölvupóstur, dagbók skipulag) stafræn myndvinnsla ofl.

»Viðskiptagreinar:

Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvufært bókhald í Navision.

Næsta námskeið hefst 4. feb. Kvöld og morgunnámskeið í boði.

Tilboðsverð kr. 149.000,-

Ath. möguleika á niðurgreiðslu fyrir atvinnulausa og endurgr. stéttarfélag. Námið er metið til eininga. Allt kennsluefni innifalið.

Möguleikar fyrir atvinnulausa!

Atvinnulausum gefst kostur á að skrá sig á nokkur námskeið sem haldin eru í skólanum á vegum Vinnuálastofnunar og eru þessi námskeið atvinnulausum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram hjá Vinnuálastofnun. Jafnframt niðurgreiðir Vinnuálastofnun námskeið um allt að 50% skv. nánari reglum þar um en styrkuppþæð getur þó ekki orðið hærrí en 70 þús. Kynntu þér málið nánar hjá ráðgjöfum Vinnuálastofnunar.

Flest stéttarfélög styrkja auk þess félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur. Kynntu þér rétt pinn hjá þínu stéttarfélagi.

Eldri borgarar 60+



»Grunnnámskeið.

30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.

Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur. Hefst 26. feb. og lýkur 19. mars. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- (kennslubók innifalin)

»Framhald.

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa samæbriglega undirstöðu. Hefst 25. feb. og lýkur 18. mars. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,-

Almenn námskeið

»Tölvunám byrjenda.

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem enga tölvukunnáttu hefur. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu. Röleg yfirferð með reglulegum endurtekningum.

• Windows tölvugrunnur, ritvinnsla í Word, Internetið og tölvupóstur.

Næsta námskeið hefst 3. feb. og lýkur 26. feb. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga, morgun og kvöldhópar. Lengd: 42 std. Verð kr. 32.900,- (Kennslubók innifalin)

»Almennt tölvunám.

Hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið fyrir þá sem sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

• Windows stýrikerfi og skjalavarsla – Word – Excel – Outlook (tölvupóstur og dagbók) og Internet

Næsta námskeið hefst 4. feb. og lýkur 4. mars. Morgun og kvöldhópar. Lengd: 58 std. Verð kr. 44.900,- (Allar kennslubækur innif.)

»ECDL tölvunám.

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar. ECDL tölvunám stendur fyrir „European Computer Driving Licence“ sem er alþjóðlegt skírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands.

• Windows stýrikerfi og skjalavarsla – Word – Excel – Internet og tölvupóstur í Outlook – PowerPoint

Næsta námskeið hefst 4. feb. og lýkur 11. mars. Morgun og kvöldhópar. Lengd: 84 std. Verð kr. 65.000,- (Innif. allt kennsluefni, próftökur og skírteini)

Stök forrit	St.fj	Hefst	Verð
Dreamweaver	26	11. feb	29.000,-
Excel frh	14	18. feb	24.000,-
Excel grunnur	21	25. feb	24.000,-
Flash	21	17. feb	24.000,-
Illustrator	32	14. feb	44.000,-
Office 2007 kynning	5	9. feb	7.900,-
Outlook	10	11. feb	15.000,-
Photoshop grunnur	21	4. mar	24.000,-
Photoshop ljósmyndun	26	10. feb	29.000,-
PowerPoint	10	6. mar	15.000,-
Stafrænar myndavélar	14	2. mar	15.000,-
Word ritvinnsla	21	6. feb	24.000,-
Bókhald I	100	13. mar	94.000,-
Bókhald II	32	4. feb	36.000,-
Navision fjárhagsbókhald	42	20. apr	49.000,-
Tollskýrslugerð	21	15. maí	28.000,-

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

VEISTU SVARIÐ?




1. Hver íhugar málsókn gegn Ólafi Jóhannessyni leikstjóra, vegna áforma um að gera sjónvarpsþætti úr Stóra planinu?
2. Hversu margar lögreglu-stöðvar verða á höfuðborgarsvæðinu eftir skipulagsbreytingar?
3. Hvað heitir sólóplata gítarsnillingins Guðmundar Péturssonar?

SVÖRIN ERU Á Síðu 22

Neytendur: Farsímasnobbíð að deyja út

GSM-endurvinnsla í Grafarvogi



DR. GUNNAR neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Gylfi Gylfason í Símbæ í Hverafold hefur sett á fót GSM-endurvinnslu í búðinni. Endurvinnslan hefur tekið mikinn kipp í kreppunni. „Það er bara svo mikil taktbreyting í þjóðfélaginu núna. Farsímasnobbíð er að deyja út,“ segir hann.

Gylfi segir að 120.000 símar hafi selst árlega á Íslandi síðustu árin og því sé ekki óraunhæft að áætla að um 200.000 þúsund símar liggi í skúffum landsmanna. „Mig vantar þessa síma! Innlegg í símaendurvinnsluna skilar sér í gjaldeyrissparnaði og hagstæðari kjörum handa náunganum. Þeir sem leggja inn síma geta fengið afslátt af vörum, eða skipt og fengið aðra varahluti í staðinn. Það fer allt út sem kemur inn. Ég



GJALDEYRISPARANDI ENDURVINNSLA Gylfi Gylfason í Símbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

partar eru nýttir og ég sendi ónýt móðurborð úr landi til frekari endurnýtingar.“

Auk nýrra síma selur Gylfi síma sem búið er að þúsla saman. Hægt er að kaupa nothæfan síma á þúsund kall í Símbæ. Nokia-símar eru bestir að mati Gylfa. „Þeir eru notendavænastir, á þeim er lág bilanatíðni og auðvelt er að gera við þá. Sony-símar eru hins vegar alverstir. Ekkert nema bögg, erfitt að gera við þá og dýrir varahlutir.“

Gylfi reynir að gera við alla síma á staðnum. „Það er ekkert „komdu eftir tvær vikur“ hjá mér. Sumar búið lesa bara á strikamerki og geta ekki annað, en hér er öllu reddað og kunninn sendur ánægður út.“

Fótbolti í Hvíta húsinu:

Obama vinnur yfir sjónvarpi

WASHINGTON Forseti Bandaríkanna, Barack Obama, ákvað í gær að færa ríkismálin í sjónvarpsherbergi Hvíta hússins þegar 15 löggjafar hópuðust í framkvæmdasetrið til að fylgjast með meistarakæppinni í amerískra fótboltanum með tilheyrandi veitingum.

Forsetinn heldur fast í að reyna að byggja upp stuðning við rúmlega 800 milljarða dollara fjárhags- og skattaáætlun sína hjá báðum flokkunum. Fulltrúadeildin samþykkti áætlunina í síðustu viku en enginn repúblikani studdi frumvarpið. -hs

Tannverndarvika:

Ókeypis skoðun hjá tannlækni

HEILBRIGÐISMÁL Driggja, sex og tólf ára börnum stendur nú til boða ókeypis eftirlit hjá tannlæknum sem vinna í umboði Sjúkratrygginga Íslands. Samningur þessa efnis gekk nýverið í gildi, en tannviðgerðir falla ekki undir samninginn.

Fyrsta vika febrúarmánaðar er árlega helguð tannvernd. Áhersla er lögð á mikilvægi góðrar tannheilsu og í ár er sérstök áhersla lögð á reglulega notkun tannþráðs undir kjörordinu Taktu upp þráðinn. -ovd

Mótmælin kostuðu milljónir

Kostnaður hins opinbera vegna mótmæla í miðborginni nemur tugum milljóna króna. Aukið álag á starfsfólk vegur þungt en viðgerðir og þrífur kosta einnig mikið. Austurvöllur illa farinn eftir átroðning.

MÓTMÆLI Kostnaður opinberra aðila vegna mótmælaaðgerða undanfarinna vikna hleypur á tugum milljóna króna. Mestur kostnaður er vegna aukins álags á starfsfólk en kostnaður vegna viðgerða og þrifa á opinberum byggingum er einnig umtalsverður.

Beinn kostnaður Alþingis, vegna viðgerða og þrifa eftir mótmælin er um 12 milljónir króna samkvæmt Karli M. Kristjánssyni, aðstoðarskrifstofustjóra rekstrar hjá Alþingi.

Rúður í Alþingishúsinu eru sérstaklega styrktar og því mjög dýrar í innkaupum. Kostnaður við kaup á gleri og glervinnu, án þrifa er því nokkrar milljónir.

Þar fyrir utan segir Karl mikinn launakostnað bætast við vegna aukinnar viðveru og vaktar starfsfólks. „Við höfum þurft að hafa fleira fólk á vakt um helgar og á nóttunni,“ segir Karl.


Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir kostnað lögreglunnar hlaupa á milljónum. „Mestur kostnaður okkar er vegna aukavinnu,“ segir Geir Jón. Annar kostnaður er meðal annars vegna viðhalds tækja og þrifa á búnaði og þá eru einhverjar skemmdir á einkennis-

búningum og hjálmum. Að auki segir Geir Jón ekki útséð með kostnað vegna meiðsla á lögreglumönnum.

Að sögn Kristjáns Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa Forsætisráðuneytisins liggja tölur um kostnað ráðuneytisins, vegna skemmda af völdum mótmæla, ekki fyrir. Hann segir lagfæringum ekki lokið en skipta þarf um fjölmargar rúður, þrifa innandyra og utan við húsið og mála yfir málningarslettur á húsinu.

Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna skemmda mótmælenda nemur um 2,7 milljónum króna samkvæmt upplýsingum frá framkvæmda- og eignasviði borgarinnar. Af því vegur vinna við sópun og þríf, hellulögn og fleira um 1,6 milljónum. Skemmdir á bekkjum nema um 800 þúsundum og kostnaður vegna skemmda á ruslafötum, stömpum og fleiru nemur 300 þúsundum.

Að auki er gras á Austurvelli afar illa farið eftir ágang mótmælenda. Í svari frá borginni kemur fram að ekki verði ljóst fyrir en nær dregur vori hversu illa það er farið. Hugsanlegur kostnaður sé þó einhver hundruð þúsunda. olav@frettabladid.is



LÖGREGLAN VIÐ ALÞINGI Kostnaður við viðgerðir og þríf á Alþingishúsinu er um tólf milljónir auk þess sem búnaður lögreglunnar skemmdist umtalsvert.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



MÓTMÆLI VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ Kostnaður vegna viðgerða á Stjórnarráðinu liggur ekki fyrir en borgin áætlar að kostnaður vegna skemmda á bekkjum og ruslatunnum nemi rúmri milljón króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ALÞINGISHÚSIÐ ILLA LEIKIÐ Ólafur Kristjánsson, starfsmaður HBH, tók út skemmdir á Alþingishúsinu en sérstarkt gler er í húsinu sem talið er hafa varnað því að húsið skemmdist verr en ella.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

...Hraðasta flutningaþjónusta á Norður-Atlandshafi

HRAÐI | ÖRYGGI | HREYFANLEIKI



Smyril Blue Water sér um fraktflutninga með Norrænu.

Frá Íslandi leggjum við áherslu á alla almenna flutninga ásamt ferskum, frosnum og sóltuðum fiskafurðum til markaða í Englandi og meginlandi Evrópu. Frystar fiskafurðir til Asíu. Til Íslands flytjum við alla frakt, bíla, byggingavörur og annan flutning.

Smyril Blue Water er eina fyrirtækið sem býður ro/ro þjónustu, fyrir trailera, bíla og önnur tæki sem eru á hjólum. Þeim er ekið beint um borð og frá borði án þess að kranabjónusta sé nauðsynleg.

Hinn hraði flutningsmáti gerir það mögulegt að senda fisk, bæði í full lestuðum trailerum eða í minni skömmtum, frá Íslandi á miðvikudögum á markað í Evrópu á mánudagsmorgnum.

Vara sem send er til Íslands frá Esbjerg á Laugardögum, er komin til afhafnar á Seyðisfirði á þriðjudögum til afhendingar.

Okkar styrkleiki er...

- Þjónustulundað starfsfólk
- Flytjum kæli og þurrvörur
- Gámaflutningar á frysti, og þurrvöru til og frá Asíu
- Flytjum vélar, tæki bíla og búslóð
- Flytjum vörur dor to dor um allan heim
- Hraði í flutningum
- Skjót afgreiðsla

Sýkna rassskellisins: Dómurinn enn gagnrýndur

DÓMSMÁL Sýknudómur Hæstaréttar yfir manni sem ákærður var fyrir að rassskella tvo litla drengi, svo að þeir hlutu roða á rassinn, og bera síðan á þá olíu, sætir áframhaldandi gagnrýni. Barnaheill harma sýknudóminn. Umboðsmaður barna hefur gagnrýnt hann harðlega og ritað ráðherrum dómsmála og félagsmála bréf, þar sem farið er fram á breytingu laga. Þá fagnar Félag um foreldrafrétti afskiptum umboðsmanns barna. Loks hefur ríkissaksóknari talið dóminn ganga gegn dómafordæmi. -jss

Fernu ákært í kókaín máli:

Sautján ára burðardýr

DÓMSMÁL Þrjú menn og stúlka innan við tvítugt hafa verið ákærð fyrir skipulagningu og hlutdeild í innflutningi á tæplega 300 grömmum af kókaíni.

Stúlkan er ákærð fyrir að hafa komið með efnid innanklæða frá Kaupmannahöfn í október 2007. Hún var þá sautján ára. Einn manna er ákærður fyrir að hafa lagt á ráðin um innflutninginn. Annar fyrir að aka henni út á flugvöll og koma boðum milli hennar og fyrrgreinda mannsins. Sá þriðji er ákærður fyrir að hafa afhent stúlkunni eiturlyfin á hótél Bel Air í Kaupmannahöfn. -jss

Smyril Blue Water pf, Seyðisfjörður, +470 2800

eða email: siffi@sbwcargo.is, halli@sbwcargo.is, gvilborg@sbwcargo.is
Sjá nánari upplýsingar um komu og brottfarir á heimasíðu okkar www.smyrilbluewater.is



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:


Skráðu þig í tölvunám! Menntun sem gefur þér forskot



Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og nærri 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Stutt og hnitmiðað nám

Byrjendanám

Tölvufærni fyrir byrjendur • 30 st./29.900
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/11.900
Windows fyrir byrjendur • 9 stundir/11.900
Fingrasetning - tölvuvérlitun • 6 st./7.500

Stafræn ljósmyndun og myndbönd

Ljósmyndavinna með Picasa • 9 st./12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/16.900
Photoshop Elements • 13 stundir/17.900
Stafræn myndbandagerð • 13 stundir/17.900

Access

Access I: Almenn nám • 22 stundir/29.900
Access II: Sérhæft nám • 18 stundir/34.900

Word

Word I: Almenn ritvinnsla • 22 st./26.900
Word II: Kraftmikil ritvinnsla • 18 st./26.900
Vinnsla langra skjála í Word • 13 st./18.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 st./8.900

Excel

Excel I: Almenn nám • 22 st./26.900
Excel IIa: Sérhæft nám • 18 st./32.900
Excel IIb: Fjárm., bókh. & endsk. • 18 st./39.900
Excel IIc: Fjölvar og forritun • 32 st./49.900
Excel: Pivottöflur • 5 st./12.900

PowerPoint

PowerPoint I: Almenn nám • 13 st./16.900
PowerPoint II: Sérhæft nám • 9 st./14.900
PowerPoint I + II • 22 st./25.900

Outlook

Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • 13 st./16.900
Outlook II: Fyrir lengra komna • 9 st./14.900

Publisher

Publisher: Bæklingar, kort ofl. • 13 st./18.900

Vefsíðugerð, Photoshop og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • 27 st./32.900
DreamWeaver og Photoshop • 54 st./55.900
DreamW., Photoshop og Flash • 72 st./76.900
Flash: Margmiðlun • 18 st./27.900
Flash II: Forritun • 18 st./27.900
Photoshop: Ljósmy. og grafík • 27 st./32.900
Photoshop II: framhald • 18 st./32.900

Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 18 st./54.900
MS Project verkefnastjórnun • 22 st./44.900
Betri tímastjórnun • 9 st./16.900
Hugarkort - MindMaps • 4 st./9.900

Hagnýtt bókhaldsnám

Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kennir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, tölvubókhalds, uppgjörs, afstemningar, virðisaukaskatts, ofl..

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 108.900

Næstu námskeið hefjast 18. mars

Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda

Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókarari og geta gengið frá sundurliðunum til skatta-uppgjörs og ársreikningagerðar til uppgjörs-aðila eða endurskoðanda.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 79.900

Næstu námskeið hefjast 18. mars

Tölvu- og bókhaldsnám



Frábært nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf eða sjálfstæðan rekstur.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Office 2007, Outlook, Access og verslunarreikningur.
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun.

Lengd: 225 stnd./150 klst. Verð: 169.900

Næstu námskeið hefjast 3. mars!

MCITP og MCTS nám

MCITP Windows 2008 kerfisstjórn

Námið undirbýr þátttakandann undir það að taka þau próf sem þarf til að verða Microsoft Certified Server Administrator. Tekin eru þrjú próf til að verða MCITP. Hægt er að sækja einstök námskeið (MCTS).

Lengd: 180st./120klst. Verð: 299.000
Einstök MCTS námskeið. Verð: 99.999

Næstu námskeið hefjast 11. febrúar

Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint, töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 74.900.

Næsta námskeið hefjast 3. mars.

Stjórnun tölvumála

Taktu þátt í þessu frábæra námi um tölvumál fyrir stjórnendur sem vilja öðlast meiri yfirsýn yfir rekstur tölvu- og upplýsingakerfa, auka rekstraröryggi þeirra og reka hagkvæmara upplýsingakerfi með því að byggja ákvarðanir á réttum forsendum.

Lengd: 50 stundir/33 klst. Verð: 99.900

Tölvunám fyrir 50+

